

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/933

2021/EES/22/106

frá 29. júní 2018

um leiðréttingu á þýsku útgáfunni af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB um ökuskírteini (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini ⁽¹⁾, einkum 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í þýsku útgáfunni af tilskipun 2006/126/EB eru villur, nánar tiltekið í liðum 6.1 og 6.4 í III. viðauka að því er varðar lágmarkskröfur um líkamlega og andlega hæfni til að aka aflknúnu ökutæki, einkum hvað varðar sjóngetu. Villurnar komu fram í tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/113/EB ⁽²⁾.
- 2) Því ætti að leiðrétta þýsku útgáfuna af tilskipun 2006/126/EB til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á útgáfur á öðrum tungumálum.
- 3) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um ökuskírteini.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

(Á ekki við um ensku útgáfuna)

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en einu ári eftir gildistöku hennar. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 165, 2.7.2018, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 63/2021 frá 5. febrúar 2021 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjtið. ESB L 403, 30.12.2006, bls. 18.

(2) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/113/EB frá 25. ágúst 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini (Stjtið. ESB L 223, 26.8.2009, bls. 31).

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. júní 2018.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
